

## REGLUGERÐ

### um (1.) breytingu á reglugerð um velferð alifugla, nr. 135/2015.

1. gr.

3. mgr. bráðabirgðaákvæðis reglugerðarinnar verður svohljóðandi:

Notkun á hefðbundnum búrum skv. 24. gr. skal hætt eftir 31. desember 2022.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 55/2013 um velferð dýra og lögum nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, með síðari breytingum. Reglugerðin öðlast þegar gildi.

*Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 4. nóvember 2021.*

**Kristján Þór Júlíusson**  
sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra.

\_\_\_\_\_  
*Kolbeinn Árnason.*